


B5 HJ

19
54.52

UST20030600150

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

2. *Indirectly Determined*

15. $\pi \approx 3.141592653589793$

Digitized by srujanika@gmail.com

1996-1997-1998-1999-2000-2001-2002-2003-2004

Journal of Clinical Endocrinology

www.oxfordjournals.org

16. desember 2003

Tilvísun: UST20031000150/bs

UST20030600165

Beiðni um umsögn. Tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Viðbótargögn

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. des. sl. þar sem óskað er frekari umsagnar Umhverfisstofnunar um viðbótargögn Vegagerðarinnar, send með tölvubréfi Skipulagsstofnunar, um ofanvatn af Vesturlandsvegi og áhrif þess á Úlfarsá.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að sú meðhöndlun ofanvatns sem kynnt er í skýrslu Vegagerðarinnar er einungis bráðabirgðalausn. Í svari Vegagerðarinnar segir m.a.: "*Í framtíðinni verður fráreynsli frá veginum meðhöndlað á sama hátt og annað ofanvatn frá götum á svæðinu, eftir því sem sveðið byggist upp samkvæmt skipulagi*". Um vatnsgæði í Úlfarsá segir í svari Vegagerðarinnar: "*Framkvæmdaraðili leggur ríka áherslu á að tryggt verði að mengunarástand Úlfarsár breytist ekki frá því sem nú er samkvæmt skýrslu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.*"

Ekki kemur fram í svari Vegagerðarinnar hvernig núverandi ástand árinnar verður tryggt, en sú meðhöndlun ofanvatns sem tilkast hefur til þessa virðist felast í því að afvatna veginn án markvissrar hreinsunar. Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin hafi ekki sýnt svo óyggjandi sé að núverandi ástandi Úlfarsá verði viðhaldið þegar ætlunin er að veita vatni af vegsvæði óhreinsuðu í Úlfarsá, í ljósi aukinnar umferðar og uppbyggingar á svæðinu umhverfis Úlfarsá. Umhverfisstofnun telur að samfara aukinni umferð og uppbyggingu við Úlfarsá verði að gera aðrar kröfur til síunar ofanvatns af Vesturlandsvegi en gerðar hafa verið hingað til. Stofnunin bendir á að ekki liggja fyrir neinar athuganir á bindingu efnasambanda úr ofanvatni í jarðvegi við Vesturlandsveg. Ekki er ljóst hvaða jarðlög taka við ofanvatni vegarins þar sem halli vegarins virðist einn ráða hvar ofanvatn lendir.

Í viðbótargönum Vegagerðarinnar kemur fram að vöktunáætlun verði unnin í samráði Veiðimálastofnun áður en framkvæmdir hefjast. Umhverfisstofnun telur að leggja beri fram tillögu að vöktunaráætlun við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, sbr. h-lið í 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en ekki eftir að úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Stofnunin telur því að nú eigi að liggja fyrir tillaga að áætlun um vöktun á mengunarástandi og lífríki Úlfarsár þannig að tryggt verði að fylgst sé með beinum áhrifum framkvæmdarinnar sem og afleiddum áhrifum hennar.

U.S.T

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að vakta ástand árinnar a.m.k. frá því að framkvæmdum lýkur þar til meðhöndlun frárennslis frá veginum hefst samkvæmt skipulagi.

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri umsögn og telur fyrirhugaðar aðgerðir til síunar ofanvatns óljósar og bendir á að skv. gr. 9.6 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp getur heilbrigðisnefnd krafist hreinsunar á ofanvatni áður en því er hleypt í viðkvæman viðtaka.

Virðingarfyllst,


Björn Stefansson


Helgi Jensson